

Olíudreifing ehf  
Gestur Guðjónsson  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík



Reykjavík, 18. desember 2013  
Tilvísun: UST20130200007/gf

### Varðar botnþykktarmælingar á geymi T1061 (nr. 15) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Örfirisey


Umhverfisstofnun hefur borist botnþykktarmælingar á geymi T1061 í birgðastöð Olíudreifingar í Örfirisey. Geymirinn er 9216 m<sup>3</sup> að stærð og stendur í mengunarvarnaþró félagsins. Mælingarnar voru framkvæmdar 4. desember sl. af HB Tækniþjónustu ehf. og notaður var Krautkramer DM4 þykktarmælir s/n 16855 DOROM8, kvarðaður með 5 mm, 8 mm og 16 mm stilliklossum.

Samkvæmt HB Tækniþjónustu er ástand neðsta umfars ágætt. Á gólfi eru ryðfleckir þar sem vatn hefur safnast fyrir en pyttir voru ekki sjáanlegir. Engar alvarlegar þynningar komu fram við þykktarmælingar. Meðfylgjandi er skýrsla HB Tækniþjónustu um botnþykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

  
Gottskálk Friðgeirsson

  
Halla Einarsdóttir  
sérfræðingur

Afrit:

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar




**Olíudreifing ehf**  
**B/t.: Gunnar Jónsson**  
**Hólmaslóð 8-10**  
**101 Reykjavík**

## SKÝRSLA

Þykkarmælingar á eldsneytisbirgðageymi í Örfirisey


ULTRASONIC THICKNESS MEASUREMENT

UTM SKÝRSLA NR. 1113



**DESEMBER 2013**

**MÆLINGAR FRAMKVÆMDAR: ÖRFIRISEY**



### **Framkvæmd mælinga**

Þykktarmælingu framkvæmdi Haraldur Baldursson, hjá HB Tækniþjónustu ehf. Upplýsingar varðandi aðstæður, notkun geyma o.fl. veitti Helgi Árnason.

Framkvæmd mælinga á geyminum fór fram þann 4. desember 2013. Geymirn er lóðréttur stálgeymir og voru allar plötur í gólfi mældar ásamt fyrstu plöturröð í hliðarbyrði.

Allar niðurstöður mælinga eru skráðar á meðfylgjandi teikningu af geyminum.

### **Þykktarmælingar**

Varðandi staðsetningu mælistaða og niðurstöður þykktarmælinga á geyminum er hér vísað á meðfylgjandi teikningu (1 stk.). Mældir voru minnst 6 punktar í stærri plötum og allar plötur mældar á svipaðan hátt.

Ástand fyrstu plöturaðar er ágætt. Gólfhluti er farinn að láta ásjá. Ryðfleckir eru á fjölmörgum stöðum og þá sérstaklega þar sem vatn nær að safnast fyrir. Þó er ekki pyttatæring á þessum stöðum, heldur er um jafna ryðmyndun að ræða. Engar alvarlegar þynningar koma þó fram við mælingu.

Í heild má segja að ástand geymisins sé þokkalegt en til lengri tíma væri ráðlegt að sandblása tankgólfið og mála.

Öll uppgefin mál á teikningum eru í mm.

Hafnarfirði 9. Desember 2013

Virðingarfyllst.

---

Haraldur Baldursson

Meðf.:

1 bls. teikningar frá HB Tækniþjónusta ehf.

1 bls. Staðfesting þykktarmælinga.



## STAÐFESTING ÞYKKTARMÆLINGAR

UTM SKÝRSLA NR.: 1113  
DAGS. SKÝRSLU: 9. Desember 2013  
EIGANDI MÆLDS HLUTAR: Olíudreifing ehf  
REKSTRARAÐILI DO: Olíudreifing ehf  
DAGS. FRAMKV.: 4. Desember 2013  
STAÐUR (HVAR MÆLT): Örfirisey  
HVAÐ MÆLT: Bensín Geymir  
NÚMER GEYMIS: T-1061

MÆLIBÚNAÐUR: Krautkrämer DM4 þykktarmælir, 5MHz og 2MHz, serial nr. 16855 DOROM8.  
Stílliklossar (Calibration blocks): 5mm, 8mm og 16mm.

MÆLING FRAMKVÆMD AF: Haraldur Baldursson

SKÍRTEINI (CERTIFICATE): EN 473 UT Level II Nr. 0966

Hér staðfestist að framkvæmdar hafa verið þykktarmælingar á ofangreindum geymi, í eigu og rekstri Olíudreifingar ehf, að ósk rekstraraðila. Niðurstöður mælinga eru skráðar á meðfylgjandi 1 blaðsíðu (teikning) og eru öll mál í mm. Alls eru þar skráðar 464 niðurstöður. Þykktarmælir og nemar tengdir búnaðinum voru sannreyndir og prófaðir með mælingum á stílliklossum fyrir, á meðan og að loknum mælingum.

Skoðað/dags./af: 9. Desember 2013

Samþykkt/dags./af:

18. desember 2013




APPROVED  
Haraldur Baldursson  
NDT Engineer  
hbt@hbt.is



UMHVERFISSTOFNUN  
Mengunarvamaeftirlit

GEYMR - GOLF - ÚTLATNINGUR AF FYRSTU PLÖTURÖÐ

SVELGUR



ÞESSA ÚTLATNING ER  
GOLF- og SVELGUR  
SÍÐAN 1. APRÍL 1998

ENGR TEGNAÞYTTIR Eða ÖRYGGLIÐ  
ÞYGGINGAR FUNDIST 1 GOLF- og SVELGUR  
SÍÐAN 1. APRÍL 1998



VERKFRAMAÐAÐUR